

**Nd.**

### **365. Frumvarp**

til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn.

Flutningsm.: Einar Arnórsson.

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð handa Stokkseyrarsókn, enda komi fult endurgjald fyrir.

2. gr.

Sóknarnefndin ákveður, í samráði við biskup, hve nær eignarnám skuli fara fram, hvar land skuli tekið og hversu mikið. Um framkvæmd eignarnámsins fer að öðru leyti eftir gildandi lögum um það efni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð**

fyrir frumvarpi þessu felst í brjefi sóknarnefndar Stokkseyrarsóknar, dags. 6. þ. m. Er brjef þetta hjer prentað og hljóðar svo:

Í mörg undanfarin ár hefir það verið mjög ofarlega á baugi í Stokkseyrarsókn að taka upp nýjan kirkjugarð, þar sem fyrirsjáanlegt er, að hinn núverandi kirkjugarður — sem auk annars er altot lítill fyrir jafnstóra sókn — verður innan skams útgrafinn með öllu. En hjer hagar svo til, að vegna grjóts í jörðu er víða óhentugt um kirkjugarðsstæði, nema þá svo langt fyrir utan þorpið, að ókleift er við að notast. Sóknarnefndin hefir áður, eftir ósk safnaðarfundar, rannsakað, hvar hentugast myndi vera að taka upp nýjan kirkjugarð, og hefir til þess fundið lóðarblett vestarlega á Stokkseyri, sem til

Þessa hefir verið lítið notaður, en á þessum bletti hefir ekki verið mögulegt að ná eignarheimild, vegna mótstöðu sumra jarðeigenda.

Þar sem þessi blettur að eins gefur af sjer lítilfjórlegt gras og ekki getur staðið eigendum torfunnar, sem nú eru allmargir, i neinu sjerstöku verði, og sóknarnefndin hins vegar vonlitol um, að hægt verði yfir höfuð að tala að ná sanngjörnu samkomulagi við eigendurna, þá neyðist hún til, að fengnu einróma samþykki almenns safnaðarfundar, að snúa sjer til löggjafarvaldsins með beiðni um að fá heimild til að taka lóð undir kirkjugarð eignarnámi eflir mati óvilhallra manna.

Leyfir sóknarnefndin sjer því að snúa sjer til háttvirtra þingmanna Árnessýslu og heiðast þess, að þeir vilji leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um heimild handa sóknarnefndinni á Stokkseyri til þess að taka eignarnámi lóð undir kirkjugarð.

Í sóknarnefnd Stokkseyrarsóknar.

Stokkseyri, 6. júní 1918.

Virðingarfullst,

Sigurður Einarsson.      Bjarni Grimsson.      Júníus Pálsson.

Til

alþingismanna Árnessýslu